

Sóknarfæri bænda við beina sölu, vinnslu, slátrun eða allt ofantalið.

Framsögumaður Skúli Þórðarson.





Kynning

Góðan daginn ég heiti Skúli Þórðarson og ég er búinn að vera bóndi á Refsstað í Vopnafirði frá 1997 en er alin upp á Refsstað frá fæðingu. Ég hef starfað við slátrun frá haustinu 1989 og þar til að sláturhúsinu á Vopnafirði var lokað janúar 2024.

Þá þurfti ég að taka ákvörðun um hvaða hlutastarf ég ætti að taka upp í staðinn. Eftir stutta umhugsun ákvað ég að halda áfram í slátrun og setja upp eigið sláturhús og vinnslu árið 2024 í febrúar og hóf slátrun í lok September 2024.



Markmið bænda sem vilja bæta tekjur með sölu, vinnslu eða slátrun.

Hvað vilt þú ná fram til að bæta tekjur í þínum rekstri?

Er til laust vinnuafli?

Hvað hefur þú sem styður við verkefnið ?

Er þekking til staðar á sölu?

Er þekking til staðar á vinnslu og pökkun?

Er þekking til staðar á slátrun?

Er heppilegt húsnæði til, sem er hagkvæmt að breyta?

Hver er ábatinn af verkefninu ?

Bein sala

Ef við skoðum ávinning af beinni sölu miðað við sölu til afurðastöðva þá er meðalverð um 1172 kr pr kg haustið 2025.

En margir eru að selja þetta 2000 kr/kg til neytanda, eða 1800 kr fyrir utan vsk álagning er þá 628 kr á kg eða um 10.676 kr á lamb. Af því dregst svo vinna við að dreifa kjötinu beint eða skila því til flutningsaðila. Þetta er aukalega rúmlega milljón á 100 lömb. Þetta er þá rúmlega 30% virðisauki eftir vinnu.

Vinnsla, þar sem þið setjið upp viðurkenndan matvælasal og bætið við verðmæti vörunar með vinnu og vöruhönnun , þar má búast við að virðisaukinn sé á milli 10 og 20 %.

Slátrun , á við þar sem góður aðgangur er að hæfu starfsfólki , er aðallega atvinnuskapandi og virðisaukinn er milli 5 og 10%.



Hvað þarf til að fá leyfi og halda þeim.

Hvað þarf til að fá aðstöðu samþykkt, hún þarf að vera úr viðurkenndum efnum og auðveld í þrifum, flugu og meindýraheld, með góða loftræstingu, nóg heitt vatn, þrifaaðstöðu.

Semja þarf gæðahandbók, sem er lýsing á vinnslu/slátrun sem á að fara framm í rýminu og hvernig hún er gerð, hvað er gert við frávik, (gallar mengun) hvað er skráð.

Samskipti við eftirlitsaðila, mæta með opnum huga og svara öllu eftir bestu getu, hægt er að gera rökstuddar athugasemdir við úttektir ef þú telur þær ekki í samræmi við reglur. Þó að þú sem eftirlitspegi hafir fegnið nokkrar ábendingar eða jafnvel minniháttar frávik, er bara að bæta úr þeim eftir bestu getu.

Það sem ber að varast, mæta skapillur í úttekt, vera ekki búinn að bæta úr ábendingum frá fyrri úttekt. (Glugginn)



Samanburður valkosta.

Til að hefja beina sölu þarf tengslanet, td :facebook eða sambærilegt. Kostur að hafa fastasölu við stærri kúna með, búðir, mötuneyti, skip eða hótél. Muna að afhenda ekki vöru nema hún sé greidd.

Vinnsla, þarf stofnfjárfestingu upp á 5 til 10 miljónir vinna meðtalin. Sóknarfæri eru matarmarkaðir, og viðameiri markaðssetning td; heimasíða.

Slátrun, þar eru 3 leiðir í boði örslátruhús má núna slátra 30 á dag og ríkið er að greiða heilbrigðiskostnað, ókostur er lítil afköst og léleg nýting á vinnuafli sem kemur að.

Lítil slátruhús, þar má slátra 100 lömbum á dag og 5 stórgripum á viku (10 folöldum) getur líka fengið leyfi á svín.

Tæplega raunhæft að slátra oftast en 2 x í viku ef á að kæla í 2 daga +. Kostar 10 til 20 miljónir að setja upp með vinnulaunum.

Stór slátruhús þurfa fullt leyfi, með enn harðari kröfum í gæðastýringu og uppsetningu.

